

MOSFELLINGUR

18. tbl. 4. árg. fimmtudagur 22. desember 2005. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.



Gleðileg jól

Óttast þú eigi, því ég er með þér. Lát eigi hugfallast, því að ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér, ég styð þig með hægri hendi réttlætis míns.

Jesús sagði: „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins. Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hver annan. Eins og ég hefi elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan. Á því munu allir þekkja, að þér eruð lærisveinar mínir, ef þér berið elsku hver til annars.

Jes. 41:10, Jóh. 8:12, Jóh. 13:34-35

Ljósmynd: Magnús Már

*Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár*



www.fastmos.is

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnsted
Lögfróður fasteignasali



Gleðileg jól



RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf.
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



Þjónustuverkstæði.

Þjónustustafræði fyrirtækja. Útvegunn bókaleigubúnaðar.



Car-o-tronic bílveganing



Gleymdu ekki þínum minnsta bróður

Þar sem ég er minnsti bróðirinn af okkur systkinunum gæti ég ekki hugsað mér ef ég myndi bara gleymast á jólinum. Alveg sama svo sem hvort það eru jól eða annar árstími. Litli brósi bara týndur og tröllum gefinn. Það væriskandall. En oftgleymum að hugsa um þá sem minna mega sín. Það eru ekki allir svo lánsamir að geta haldið jólin hátíðleg með sínum nánustu. Okkur finnst það sjálfsagður hlutur að vera með þak yfir höfuðið, borða góðan mat og njóta hátíð ljóss og friðar í faðmi fjölskyldna okkar. Okkur



er það fjarlægt að fólk, hvort sem það er úti í heimi eða á litla Íslandi, eigi ekki möguleika á gleðilegum jólum. Í jólaöðinni er því nauðsynlegt að setjast aðeins niður og hugsa um hvað við höfum það gott. Þótt svo að við getum kannski ekki bjargað heiminu, þá getum við lagt okkar af mörkum á margvíslegan hátt. Hérna

eru nokkrar línur sem eru holl lesning fyrir hvern sem er.

Gleymdu ekki þínum minnsta bróður Þó höf og álfur skilji að Kærleikurinn hinn mikli sjóður Í hjarta hverju á sér stað Í von og trú er fólgin styrkur Sem öllu myrkri getur eytt Í hverjum manni Jesú Kristur Er mannkyn getur leitt

Að lokum vil ég fyrir hönd Mosfellinga óska bæjarbúum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hilmar Gunnarsson



LEIÐARI



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar að handknattleiksæfingar Aftureldingar fóru fram í Logalandi. Þessi mynd var tekin árið 1949.

Sitjandi frá vinstri: Rúnar Ólafsson, Freyja Norðdahl, Ingunn Finnbogadóttir, Skúli Skarphéðinsson, Gerður Lárusdóttir, Halldór Sigurðsson, Valgerður Guðmundsdóttir og Hreinn Ólafsson. Standandi frá vinstri: Janus Eiríksson, Einar Jónsson, Gunnar Bjarnason, Sveinn Guðmundsson, Reynir Hálfðánarson, Þórður Guðmundsson, Jón M. Guðmundsson, Ásbjörn Sigurjónsson, Guðjón Hjartarson, Tómas Lárusson, Magnús Lárusson og Jón Þórarinsson þjálfari. Þessa bráðskemmtilegu mynd má finna í bókinni Mosfellsbær saga byggðar í 1100 ár.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvogi 18, s. 694-6426 og 897-7664.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson

Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson, Karl Tómasson og Ágúst Bernhardsson.

Bláðamenn og pistlahöfundar:
Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson
Hanna Simonardóttir, Kara Hergils Valdimarsdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir, Þrándur Gíslason og Örn Franzson

Auglýsingastjóri:

Margrét Lára Höskuldsdóttir
auglysingar@mosfellingur.is

Umbrot og hönnun:

Mosfellingur ehf.

Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Prentun: Prentmet, prentað í 3000 eintökum og dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 12. JAN

Efni og auglýsingar þurfa að berast fyrir 8. jan



Börnin í bænum

Vinkonurnar Harpa Kristín Björnsdóttir 11 ára í 6. SHG og Rebekka Rún Gunnlaugsdóttir 11 ára í 6. GIG voru á leið heim úr skólanum þegar Mosfellingur rakst á þær. Þær voru með jólapóstkassa í fartaskinu og í sannkölluðu jólasþafi. Þær sögðust hafa fengið hárskraut og púsl í skóinn og hlakka mikið til jólaanna.

HEILRÆÐI

Ragnheiðar

Auður skoraði á Ragnheiði Valdimarsdóttur að koma með næsta heilræði.



Heilræði mitt

er: Ekki fresta því til morguns sem þú getur gert í dag

Málsháttur minn er:

þeir segja mest frá Ólafi konungi sem hvorki hafa heyrt hann né séð.

Hjartans mál:

Að sauma meiri bútaum á næsta ári.

Ragnheiður skorar á Kristleif Guðbjörnsson að koma með næsta heilræði.



Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

Sími: 586 8080
www.fastmos.is



Einar Páll
Löggiltur fasteignasali



Hildur



Lína

Tröllateigur – 111,7 m2 íbúð

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá stóra og bjarta 4ra herbergja endaíbúð í nýju fjölbýli við miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er á 2. hæð, en gengið er inn í íbúðina frá götu, en úr stofu er gengið út svalir með falllegu útsýni að Esjunni. 3 rúmgóð svefnherbergi, sér þvottahús, baðherbergi með sturtu og baðkari. Hvíttað birki í öllum innréttingum, flísar á forstofu, baði og þvottahús, hnotu plastparket á öðrum gólfum. **Verð kr. 25,3 m.**

Ásgarður – 241,5 m2 fokhelt einbýli

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 241,5 m2 einbýlishús á einni hæð þar af 47,5 m2 tvöfaldur bílskúr á einstökum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Húsið er í byggingu og selts fokhelt. Húsið er staðsteypt, marmaramulningur á veggjum, aluzink bárujárn á þaki, mahony gluggar og inngangshurðar og stór hvít bílskúrhurð. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í byggðinni með einsakt útsýni yfir Mosfellsbæ og fellin. Frábær hönnun, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stór stofa, borðstofa og eldhús. **Verð kr. 39,9 m.**

Akurholt – 233 m2 einbýlishús

Erum með 233,4 m2 einbýlishús á einni hæð, þar af 63,7 m2 bílskúr við Akurholt í Mosfellsbæ. Undir íbúðinni er útgrafinn kjallari, þar er möguleiki á ca. 80 m2 aukaíbúð. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, stóra stofu m/arni, eldhús með falllegri innréttingu og baðherbergi m/hornbaðkari og sturtu. Alvöru bílskúr með gryfju og miklu geymsluplássi. Útgrafinn kjallari undir húsinu gefur mikil tækifæri. **Verð kr. 41,8 m.**

Ásland – 203,8 m2 parhús

Erum með mjög glæsilegt parhús, innst í botnlanga með glæsilegu útsýni. Húsið er á tveimur hæðum, á jarðhæð er bílskúr, forstofa og 2ja herbergja íbúð, en á efri hæðinni er stór stofa, eldhús, baðherbergi og 2-3 svefnherbergi. Stórt hellulagt bílapan og timburverönd að löguðu að náttúrugrjóti. Húsið stendur hátt í lóðinni og því einstakt útsýni frá því. **Verð kr. 49,7 m.**

Tröllateigur – 4ra herb.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu 101,7 m2, 4ra herbergja íbúð með geymslu í 2. hæð í 8 íbúða fjölbýli í nýju hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Þetta er fallleg og vel frágengin íbúð með merbau parketi á stofu, holi og 3 svefnherbergjum og flisum á forstofu, eldhúsi, baði og sér þvottahúsi. Kirsberjainnréttingar í eldhúsi og svefnherbergjum. Mikil lofthæð og halogenlýsing í loftum. **Verð 24,7 m.**

Ásgarður – 252, m2 fokhelt einbýli

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá fokhelt 252,1 m2 einbýlishús á einni hæð þar af 46 m2 tvöfaldur bílskúr á einstökum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Húsið er fokhelt í dag, ljós marmaramulningur á veggjum, aluzink bárujárn á þaki, mahony gluggar og inngangshurðar og tvær hvítar bílskúrhurðar. Húsið stendur hátt í byggðinni með einsakt útsýni yfir Mosfellsbæ og fellin. Frábær hönnun, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stór stofa, borðstofa og eldhús. Húsið er tilbúið til afhendingar strax. **Verð kr. 39,9 m.**

Klapparhlíð – 2ja herb.

Erum með fallega 66,1 m2, 2ja herbergja íbúð með geymslu, á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli. Gott svefnherbergi með mahony skáp, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús og eldhús og stofa. Góðar suðvestur svalir og falllegt útsýni. Leikskóli og grunnskóli og væntanleg sundlaug í auglýn. **Verð kr. 14,8 m.**

Bugðutangi – 84,4 m2 raðhús

NÝTT Á SKRÁ

Erum með falllegt 84,4 m2 raðhús á einni hæð í vinnalegu umhverfi á góðum stað í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru 2 góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari, góð stofa, stór geymsla, eldhús og sér þvottahús. Góður suðurgarður og fallleg aðkoma að húsinu. Lítið barnaleiksvæði rétt við húsið og stutt í leikskóla og verslanir. **Verð kr. 21,9 m.**

Árbakki – Sveit í borg

Erum með 134,8 m2 einbýlishús á mjög falllegri og gróinni 1.889 m2 eignarlóð við Bjargsvæg í Mosfellsbæ. Varmáin liðast meðfram lóðinni og sérlega fallegar gönguleiðir eru allt í kring. Mögulegt er að byggja við húsið bílskúr. Tilvalin eign fyrir náttúru- og dýraunnendur. Keyrt er inn Reykjaveg og til vinstri inn Bjargsvæg. **Verð 32,9 m.**

Krókabyggð – 108 m2 endaraðhús

Erum með 96 m2 endaraðhús með 12 m2 milli lofti við Krókabyggð. Í íbúðinni eru 3 góð svefnherbergi, baðherbergi með kari, eldhús og rúmgóð stofa. Þetta er tilvalin eign fyrir þá sem vilja skapa sinn eigin stíl á íbúðina. **Verð kr. 25,4 m.**

Fálkahöfði – 3ja herb. + bílskúr

Erum með mjög fallega 103,8 m2 endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli í Fálkahöfða, með mjög falllegu útsýni, ásamt 29,2 m2 bílskúr. Stór og björt íbúð með eikarparketi og flisum á gólfum. Flísalaft baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Skóli og leikskóli í auglýn og sundlaug í byggingu. Íbúðin er laus til afhendingar. **Verð kr. 25,5 m.**

Prastarhöfði – 5 herb. íbúð.

Erum með 129,2 m2, 5 herbergja íbúð á jarðhæð í nýju fjölbýlishúsi sem nú er í byggingu ásamt bílstæði í bílarkjallara. Íbúðin verður afhent fullbúin, án gólfefna, en baðherbergis og þvottahúsgólf verða flísalögð. Eikar skápar og hurðir í íbúðinni. Íbúðin er til afhendingar í febrúar 2006. **Verð kr. 27,5 m.**

Víðiteigur – 90,4 m2 endaraðhús

Erum með mjög falllegt 90,2 m2 endaraðhús á einni hæð með risi og sólskála. Húsið stendur innst í botnlanga, fallleg aðkoma er að húsinu og góður sérgarður er að sunnanverðu. Gott svefnherbergi, baðherbergi m/kari, stofa og falllegt eldhús. Opíð inn í sólskála með kaminu og ófrágengið risloft gefur ýmis tækifæri. Fallleg eign rétt við miðbæ Mosfellsbæjar. **Verð kr. 22,9 m.**

Merkjateigur – neðri sérðhæð.

86,1 m2 neðri sérðhæð í tvíbýlishúsi við Merkjateig í Mosfellsbæ. Stór stofa og eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottahús og forstofa. Bílastæði fyrir framan íbúðina og gott aðgengi. Íbúðin getur verið laus til afhendingar strax. **Verð kr. 17,8 m.**

Einbýlishúsalóð í Prastarhöfða

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í einkasölu 760,3 m2 byggingarlóð undir einbýlishúsi í Prastarhöfðanum í Mosfellsbæ. Heimilt er að byggja allt að 270 m2 hús, hámark 240 m2 á jarðhæð og hámark 60 m2 efri hæð. Lóðin er í nýju hverfi rétt við golfvöll Mosfellsbæjar, nýr leikskóli og grunnskóli eru í örskots fjarlægð og sundlaug í byggingu.

Byggingalóðir í Teigahverfi

Erum með byggingalóð undir tvö einbýlishúsi, hvort með heimild fyrir aukaíbúð, við Birkiteig í Mosfellsbæ. Lóðinni fylgir einnig 1.136 m2 landskóli sem eftir er að skipuleggja. Allar nánari upplýsingar fást á skrifstofu Fasteignasölu Mosfellsbæjar.

Egilsstödi – 1 ha. einbýlishúsalóð

1 hektara lóð undir stórt einbýlishúsi ásamt rétti til byggingar á hesthúsi og/eða gróðurhúsi. Lóðin er á grónu og skjólgóðu svæði framarlega í Mosfellsdalnum. Samþykktar teikningar af mjög falllegu einbýlishúsi liggja fyrir eftir Hléðisi Sveinsdóttur, arkitekt. Lóðin er ein af fáum lóðum í dalnum sem tilbúna eru til byggingar. Frábært tækifæri fyrir þá sem vilja hafa rúmt um sig og hobbýið.

Lögbýlið Lundur

Lögbýlið Lundur er tæplega 10 ha eignarlóð í miðjum Mosfellsdalnum. Á jörðinni er lítið einbýlishús og í kringum húsið er töluverð trjárétt. Jörðin liggur meðfram Þingvallarvegi að sunnaverðu. Mjög falllegur 9 hólur golfvöllur liggur rétt við landið og Kaldakvísi er rétt við landamerkin að norðanverðu. Þetta er fallleg staðsetning með mikla framtíðarmöguleika.

Völuteigur – atvinnuhúsnæði

1.487 m2 atvinnuhúsnæði á 2 hæðum við Völuteig í Mosfellsbæ. Um er að ræða 1.008,7 m2 atvinnurými á jarðhæð og 478,6 m2 milli lofti. Húsnæðið var innréttað fyrir kjúklingaframleiðandan Reykagarð, og er þar m.a. stór frystiklefi, kæliklefar, lager og gott skrifstofurými. Góð aðkoma er að húsinu og næg bílastæði.

Tröllateigur 141-150 m2 íbúðir

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu fjórar 141-150 m2 íbúðir í nýju fjölbýlishúsi í byggingu við Tröllateig 43 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að rísa við miðbæ Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 3ja – 5 herbergja og afhendast fullbúna með innréttingum, en án gólfefna, en þó verður baðherbergi og þvottahús flísalaft. Íbúðirnar verða afhentar í maí og júní 2006. **Verð frá 27,9 m.**

Prastarhöfði 1-3 – nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir

Eru með í sölu nokkrar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi, ásamt bílageymslu í kjallara, sem nú er í byggingu við Prastarhöfða. Íbúðirnar eru frá 96-123 m2 og afhendast fullbúna án gólfefna næsta vör. Hér um mjög góða staðsetningu að ræða, enda nýr skóli og leikskóli í næsta nágrenni og sundlaug á næsta leiti.

**VIÐ HJÁ FASTEIGNASÖLU MOSFELLSBÆJAR
ÓSKUM ÖLLUM MOSFELLINGUM SEM
OG ÖÐRUM LANDSMÖNNUM GLEÐILEGRA
JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.
HILDUR, EINAR PÁLL og LÍNA**

Heimili Jólasveinsins að Hraðastöðum

Í gömlu útihúsunum hjá Badda og Nínu á Hraðastöðum, hefur nú Jólaveinninn komið sér vel fyrir. Heimilið hans var formlega opnað þann 4. des. síðastliðinn. Heimilið er samstarfsverkefni jólasveinn.is og Hraðastaða. Stefnt er að því að hafa húsið á hverju ári fyrir jólin og mun jafnvel verða enn veglegra á næsta ári. Sunnudaginn 4. des. var Félagi krabbameinssjúkra barna boðið í heimsókn. Mikíð var um að vera og þar á meðal voru dýrin skoðuð, fönndrað og dansað í kringum jólatré. Jólaveinninn var að sjálf-sögðu heima ásamt bræðrum sínum og þá kom stúlkna hljómsveitin Nylon í heimsókn og tók lagið fyrir börnin. Heimili Jólaveinsins er opið fyrir leikskóla, félagsamtök og fyrirtæki.



Það var dansað og sungið í kringum jólatréið



Hestur jólasveinsins var með fallega húfu á höfði sér



Stúlkurnar úr Nylon mættu á svæðið og sungu nokkur lög fyrir gesti



Það var ekki bara skreytt í húsinu



Allir gátu sest hjá jólasveininum og sagt honum hvað þeir vildu fá í jólagjöf

Hóf til heiðurs Birgis

Stjórnandi og stofnandi Skóla-hljómsveitar Mosfellsbæjar, Birgir D. Sveinsson, lét formlega af störfum nú nýverið. Daði Þór Einarsson, gamall og góður nemandi Birgis, tók við starfinu. Birgir hyggst þó halda áfram að leiðbeina komandi kynslóðum í lúðrasveitinni. Eins og flestum er kunnugt stofnaði Birgir þessa frómu sveit árið 1964.



Birgir hélt skemmtilega tölu um lúðrasveitina, sýndi myndir og fleira



Svanhildur Einarasdóttir og Þórr Ólason tengdabörn Birgis



Birgir ásamt Guðmundi og Elísabetu



Sveinn og Arna Birgis börn



Daði tekur við taktstocki úr höndum Birgis



Birgir, Þröstur Karlsson og Hafsteinn Pálsson



Ragnheiður bæjastjóri afhendir Birgi glæsilegt listaverk eftir Ingu Elínu


Jórunn Helga Árnadóttir eiginkona Birgis og Sigrún Rafnsdóttir eiginkona Daða Þórs



FRÓÐLEIKSNÁMA

UM SÖGU MOSFELLSBÆJAR

Sjaldan eða aldrei hefur komið út jafn glæsileg byggðarsaga og Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár. Þessi glæsilega bók er prýdd yfir 700 myndum sem fæstar hafa birst áður. Bókin er öll litprentuð og afar vönduð að allri gerð. Hún er ekki bara einstaklega glæsileg gjöf, hún er skyldueign allra sem vilja kynna sér sögu Mosfellsbæjar og á að vera til á öllum heimilum í Mosfellsbæ.



MOSFELLSBÆR

Saga byggðar í 1100 ár

*Eftir Bjarka Bjarnason
og Magnús Guðmundsson*

ADÉINS **Kr. 9.990.-**
á sérstöku útgáfutilboði til Mosfellinga!

Hægt er að panta bókina hjá Pjaxa ehf. í síma 565-9320 og fá hana senda án sendingarkostnaðar. Hún fæst einnig á Bókasafni Mosfellsbæjar, Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Föndri og riti og í Álafossbúðinni.



Suðurlandsbraut 6 | 108 Reykjavík | Sími: 565-9320 | www.pjaxi.is





Greið leið að Álafossi

Brátt styttest í að vegfarendur sem leið eiga um Álafossvosina geti með þægilegra móti en áður séð Álafoss. Undanfarna daga hefur stórvirk vinnuvél staðið í stórræðumvið að rífa býslægið við stóru bygginguna og opna þar með á milli húsanna.

Án vafa fagna margir þessari framkvæmd þar sem þessi bygging sem verið er að fjarlægja var orðin ein fárra í Álafossvos sem var í mikilli niðurníðslu.



Vinaskóli í vanda

Vinaskóli Lágafellsskóla í Malaví er illa haldinn vegna hungursneyðar sem þar geysar. Skólinn er í Suður-Afríku og heitir Msaka. Nemendur og starfsfólk Lágafellsskóla settu því af stað söfnunaráttak til að hjálpa vinum sínum í skólanum. Lágafellsskóli er ekki einn um að hjálpa því að Grundaskóli á Akranesi og Mýrarhúsaskóli á Seltjarnarnesi eiga líka vinaskóla á þessu svæði. Allur ágóði sem kom inn verður svo sendur til starfsfólks Þróunarstofnunar Íslands sem mun ráðstafa peningunum í þágu nemenda skólana. Þetta er glæsilegt starf sem nemendur og starfsfólk skólans eru að gera og eiga heiður skilinn.

Alltaf í viðbragðsstöðu

Björgunarsveitin Kyndill er í viðbragðsstöðu árið um kring ef eitthvað bjátar á hjá okkur, mér og þér, ágæti Mosfellingur, en nú leitar Kyndill eftir aðstoð okkar. Í Kyndli eru leitarhópar og þrautþjálfað fyrstuhjálparfólk, sveitin á 6 vélsleða og getur kallað út 3 til viðbótar. 4 fullþjálfaðir leitarhundar sinna útköllum um land allt og 3 hundar eru langt komnir í þjálfun.

Við fréttum af björgunarsveitunum þegar slys verða eða þegar leita þarf að fólki. Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL) eru í viðbragðsstöðu alla daga ársins. Á aðfangadagskvöldið síðasta voru t.d. allar björgunarsveitirnar á höfuðborgarsvæðinu kallaðar út til leitar að ölvuðum illa klæddum manni og einn af leitarhundum Kyndils fann hann í Skútuvogi, en þar hafði maðurinn lagst fyrir og var orðinn mjög kaldur þegar að var komið.

Fimm daga hrina í apríl

Þegar þetta er skrifað hafa Kyndilsmenn verið kallaðir út 46 sinnum á árinu til leitar og björgunarstarfa eða til að sinna aðstoðarbeiðnum. Fimm daga í apríl var samt óvenju mikið að gera. Laugardaginn 2. apríl hófst umfangsmikil leit á landi, úr lofti og af legi að týndum manni í nágrenni Stokkseyrar. Þegar flest var munu um 180 manns hafa verið við leit í einu. Leitirnar bar engan árangur.

Þriðjudaginn 5. apríl gerði blindbyl á vestanverðu landinu, meðalvindhraði var víða yfir 20 metrum á sekúndu og fór upp undir 40 metra í hviðum. Björgunarsveitir voru kallaðar út til að aðstoða vegfarendur í vandræðum. Korter í eitt aðfaranótt 6. apríls barst neyðarkall frá tveimur gönguskíðamönnum við Hlöðuvelli og voru björgunarsveitir af



Áramótin nálgað og brýnt er að fólk fari varlega með flugeldanna

höfuðborgarsvæðinu, úr Árnæssýslu og Rangárvallasýslu boðaðar út um klukkan hálf tvö. Sleðaflokkur Kyndils fór af stað um klukkan hálf tvö og sóttist ferðin seint. Fjarskipti voru erfið og flaug flugvél Flugmálastjórnar með fjarskiptaendurvarpa yfir svæðinu. Um klukkan sex um morguninn fundu þrír Kyndilsmenn á vélsleðum svo mennina, sem voru hraktir og kaldir. Í leitinni tók fjöldi manns þátt á 9 jeppum, 8 vélsleðum, 4 snjóbílum, auk vélar Flugmálastjórnar.

Miðvikudagsmorguninn 6. apríl voru allar björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu kallaðar út til leitar að konu og voru leitarhundar björgunarsveitarmönnum til halds og trausts. Gengnar voru fjörur og kafarar leituðu í Hafnarfjarðarhöfn. Á tíunda tímanum á miðvikudagskvöld fann leitarhópur SL konuna látna á Ásfjalli, sunnan Hafnarfjarðar.

Margir björgunarsveitarmennanna sem tóku þátt í þessari leit höfðu um nóttina tekið þátt í aðgerðinni við Hlöðuvelli eða verið öðrum kafnir við að aðstoða vegfarendur vegna ófærðar og höfðu þar áður tekið þátt í leitinni við Stokkseyri.

Kyndilsmenn og konur tóku þátt í öllum þessum aðgerðum, mönnuðu leitarveitir og voru í svæðisstjórn. Þátt-

ur leitarhundanna og umsjónarmanna þeirra vex með hverju verkefni.

Þau reiða sig á okkur

Við Mosfellingar höfum sloppið furðu vel við óveður og ófærð undanfarin ár en þegar þannig hefur staðið á hafa Kyndilsmenn t.d. komið starfsfólki á Reykjalundi í og úr vinnu og haldið starfseminni gangandi. Læknar heilsugæslunnar geta einnig reitt sig á aðstoð sveitarinnar þegar ófærð hamlar för.

Allt starf björgunarsveitanna er unnið í sjálfbærni og kostar samt óhemju fjármuni.

Aðal tekjuöflun Björgunarsveitarinnar Kyndils er flugeldasalan. Það er ómetanlegt að geta reitt sig á björgunarsveitirnar þegar vanda ber að höndum en nú leitar björgunarsveitin til okkar, mín og þín, um stuðning.

Flugeldasölur Kyndils verða á tveim stöðum, í miðstöð björgunarsveitarinnar í Völuteig 23 og í söluskúr við Bæjarleikhúsið við Þverholt.

Flugeldasýning björgunarsveitarinnar á gamlaárskvöld verður við áramótabrennu nærri Íþróttahúsinu að Varmá. Brennan hefst kl. 21 og sýningin skömmu síðar.

Stefán Ólafsson félagsmaður í Slysavarnadeild Lágafellssóknar

Hagsmunafélag hundaeigenda

Til tals hefur komið að stofna hagsmunafélag hundaeigenda í Mosfellsbæ. Markmiðið með stofnun félagsins væri að berjast fyrir auknum réttindum hundaeigenda í bæjarfélaginu sem og að hvetja félagsmenn til að axla þá ábyrgð sem hundahaldinu fylgir.

Mönnum kann að virðast það skjóta skökku við að í Mosfellsbæ séu hundaeigendur á hrakhólum hvað varðar aðgang að útivistarsvæðum þar sem þeir mega víðra hunda sína án þess að þeir séu í taumi. Engin skipulögð útivistarsvæði eru fyrir hunda í bæjarfélaginu og á sumum göngustígum og vegarslóðum virðist

m.a.s. vera bannað að vera með hunda í taumi ef eitthvað er að marka þau skilti sem bæjaryfirvöld hafa látið setja upp. Vakin er athygli á því að hundaeigendur greiða gjöld fyrir að halda hunda sína og því er eðlilegt að eitthvað komi í staðinn. Hundahaldi fylgir mikil ábyrgð en því

miður vantar nokkuð upp á að allir hundaeigendur standi undir henni. Lausaganga hunda í Mosfellsbæ er alltof mikil og svo virðist sem að sömu hundarnir eigi oftast ekki hlut að máli.

Þá eru brögð að því að sumir hundaeigendur þrifi ekki upp eftir hunda sína og úr því þarf að bæta.



Aspir fjarlægðar við Litlakrika en þetta svæði hefur verið eina almennilega athvarfið fyrir hundaeigendur í bænum að sögn Eiríks.

Viðbrögð hundaeigenda í Mosfellsbæ við hugmyndum um stofnun hagsmunafélags ráða því hvort ráðist verður í félagsstofnunina. Þeir, sem gætu hugsað sér að starfa í slíku félagi, geta haft samband við Eirík St. Eiríksson, s: 822-2470, stangaveidi@stangaveidi.is.

SKÖTUHLAÐBORD

í hádeginu á Þorláksmessu



Söltuð skata, kæst skata, tindabikkja, spænskur saltfiskréttur, plockfiskur, saltfiskur, hákarl, síldarréttir, paella, fiskipaté, tartalettur, rauðsprettu, fiskigratin, paté og fl.

Borið fram með rúgbrauði, rófum, kartöflum, hnoðmör, smjöri, hömsum, hangifloti og fl.

Vinsamlegast pantið borð tímanlega
í síma: 566-6195 eða 566-8215.

**LIFANDI
TÓNLISTAR-
FLUTNINGUR**



VEISLUGARÐUR

Veisluþjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær

Sími 566 6195, Fax 566 6097



TOYOTA-þjónusta



CABAS
Verkstæði
Tjónaskoðun

- Gæðavottað verkstæði af Bilgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Fullkomin réttingarabekkur og mælitæki
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

Réttum og málum allar tegundir bíla

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510
www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

Hversu lágt er hægt að leggjast?

Í 5. töl Varmár, fréttarit sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ, var grein á baksiðu sem fjallaði um árlegatónleika lúðrasveitarinnar. Greinarhöfundur, sem lét nafn síns ekki getið, hrósaði tónleikunum sem reyndar var búið að gera nokkru áður í Mosfellingi. Einhverra hluta vegna sá hann þó sérstaka



ástæðu til að nefna að ljóður hafi verið á tónleikunum sem hafi verið óundirbúin uppákoma í lokin. Hvaða uppákoma var það? Það kemur hvergi fram í greininni, lesendur Varmár eru því engu nær. Manni verður því spurn til hvers er slíkur fréttafloknur? Lokaatriði tónleikanna og eina óundirbúna uppákoma þeirra var þegar ég undirritaður var óvænt beðinn um það af stjórnendum hljómsveitarinnar að syngja gamalt og gott bítlag. Ekki sá ég ástæðu til að skorast undan því og tók lagið með sveitinni, sem ég lék reyndar með um árabil á yngri árum. Þetta var því skemmti-

leg og eins og áður segir óundirbúin áskorun þar sem hvorki ég sem söngvari í þetta skiptið, hljómsveit né stjórnendur höfðu æft uppákömunu.

Látum það liggja á milli hluta að greinarhöfundur Varmár og tónlistargagnrýnanda finnst það ljóður á tónleikum að 2-300 manns standi upp, syngi með og dilli sér í óundirbúna lokaatriði á tónleikum og klappi það hressilega í lokin að endurtaka þurfi leikinn í tvö - þrjú skipti. Nú verður manni því spurn, voru þessi sorglegu og óskiljanlegu skrif fyrir lesendur Varmár ætluð til að reyna að koma höggi á pólitískan andstæðing? Ekki trúir ég því að það hafi verið hljómsveitin eða stjórnendur sem voru ljóður á tónleikunum í þessu óundirbúna lokaatriði að mati fréttaritara Varmár en í raun veit ég það ekki, ekki frekar en aðrir.

Hversu lágt er hægt að leggjast og

það í umfjöllun um börnin í bænum. Þetta eru ekki góð skilaboð til barnanna sem leystu sitt óundirbúna hlutverk eins og tónleikana alla með glæsibrag og vita í raun ekkert frekar en aðrir lesendur Varmár um hvað málið snýst. Undirritaður hafði skömmu áður en þetta tölublað Varmár kom út gert það opinbert í Mosfellingi að



með því að leika hana. Helsti ljóðurinn var óundirbúin uppákoma í lokin. Stjórnendur Skólahljómsveitarinnar

starf barna til að reyna að koma höggi á andstæðinga sína í pólitík og þori að setja nafn sitt undir slíkan áróður.

Ég vil nota tækifærið og óska öllum bæjarbúum gleðilegra jóla, árs og friðar.

Karl Tómasson

Einkaframkvæmd og óskiljanlegir útreikningar sjálfstæðismanna

Að undanförunu hefur formaður bæjarráðs reynt að telja okkur íbúum Mosfellsbæjar trú um að sparnaðurinn af því að semja við Nýsi um framkvæmdir og rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar að Lækjarhlíð sé 475 milljónir króna.

Skoðum nú hið sanna í málinu

KPMG á Íslandi gerði fyrir Mosfellsbæ samanburð á valkostum við eignarhald og rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar að Lækjarhlíð. Niðurstöðurnar voru þær að það er 5,3 milljóna króna sparnaður á ári eða 160 milljóna núvirtur sparnaður á 30 árum við að semja við Nýsi um framkvæmd og rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar. Það er langt milli 475 milljón og 160 milljóna.

Skoðum þetta nú aðeins nánar

Við samanburð á kostum þess að eiga eða leigja er nauðsynlegt að undanskilja ekkert aðeins þannig fæst rétt niðurstaða. Það er mat undirritaðs að í þessu tilfelli hafi ákveðnir þættir verið undanskildir t.d. að þörf á leigu hafi verið verulega vanmetin nefni ég því til sönnunar að ekki er gert ráð fyrir nema lögbundinni lágmarks kennslu í tengslum við Lágafellsskóla og aðeins örfáum tímum þar umfram. Ekki er gert ráð fyrir því að á næstu 30 árum verði aukið við íþróttakennslu



Marteinn Magnússon

skrifar um útreikninga Sjálfstæðismanna



við skólann. Ekki var gert ráð fyrir leigu vegna annar almennrar íþróttastarfsemi t.d. á vegum Aftureldingar nema að mjög takmörkuðu leyti.

Tekjur Mosfellsbæjarfundlaugarekstri voru verulega vanreiknaðar við samanburð á valkostum. Efaðeins eru skoðaðar meðaltals aðsóknartölur frá sundlaugum í Reykjavík má auðveldlega færa rök fyrir því að tekjur voru vanreiknaðar um nokkrar milljónir á ári.

Við samanburð á þessum kostum var stuðst við þá grundvallareglu að fjármagn í dag er dýrara en fjármagn á morgun, velta má því fyrir sér hvort það eigi við hvað þessa framkvæmd varðar.

Við afgreiðslu málsins í bæjarsjórn bókaði minnihlutinn eftirfarandi:

Í samanburði með núvirdisgreiningu á valkostum við eignarhald og rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar við Lækjarhlíð sem unnin var af KPMG, kemur fram að mismunur þessara kosta er lítill eða um 5,3 milljónir á ári út samningstímann á mannvirki sem kostar jú um 800 milljónir. Ekki er



Einkaframkvæmd skerðir sveitafélagsins til þjónustu við íbúanna og er óhagstæð!

á það hættandi fyrir svo lítinn ávinning að binda hendur og frjálsræði sveitarfélagsins í tugi ára í að mæta sýbreytilegum þörfum íbúanna á þjónustu með samningum sem þessum. Því telja fulltrúar B og G lista að hagsmunum íbúanna sé betur borgið til lengri tíma litið með því að bæjarfélagið að öllu leyti eigi og reki íþróttamiðstöðina.

Ég er sannfærður um það lesandi góður að þegar þú hefur kynnt þér ofangreint þá ertu okkur sammála, þ.e. að sennilega eru þessar 5,3 milljónir sem sparast á ári löngu farnar og að mun hagkvæmara hefði reynst að fara í hefðbundna framkvæmd á íþróttamannvirkinu að Lækjarhlíð.

En hvers vegna eru þá bæjarfélög svona gínkeypt fyrir því að fara í einkaframkvæmd? Og hvers vegna reyna fulltrúar sjálfstæðismanna að telja okkur trú um að þetta sé svo hagkvæmt? Ætli það geti veri vegna þess að það lít-

ur svo vel út í reikningum bæjarfélaga, skuldir á íbúa virðast minni? Þó skuldir sýnast lægri er skuldbindingin enn til staðar. Með þessum orðum mínu er ég ekki að segja að bókhaldið sé ekki rétt. Allt er þetta rétt gert samkvæmt reikningsskilavenjum sveitarfélaga en sýnir þó íbúunum alls ekki rétta mynd. Það er athyglisvert að þegar farið er í einkaframkvæmd og skuldbindandi samningur gerður upp á núvirtan kostnað tæpa 1,7 milljarða, þá telst sá samningur ekki til skulda í reikningum sveitafélagsins. Undarlegt en rétt.

Lesandi góður til að sannreyna það sem ég segi um að reikningarnir gefi ekki rétta mynd getur þú deilt í ca. 1,7 milljarða með 7000 (íbúum) og séð hver heildar skuldbindingin núvirt er á hvern íbúa Mosfellsbæjar samkvæmt þessum samning.

Marteinn Magnússon
Varabæjarfulltrúi

Íþróttamiðstöðin að Varmá

Opnunartímar um jól og áramót

24. desember, aðfangadagur 09:00-12:00

25. desember, jóladagur LOKAÐ

26. desember, annar í jólum 09:00-18:00

27. – 30. desember 06:30-21:00

31. desember, gamlársgagn 09:00-12:00

1. janúar, nýársdagur LOKAÐ

Starfsfólk Íþróttamið-
stöðvarinnar
óskar Mosfellsgnum
gleðilegra jóla
og þakkar viðskiptin
á árinu sem er að líða.



FJÖLSKYLDAN SAMAN Á TÍMAMÓTUM

สมาคมครอบครัวรวมกัน
The Family Together
La familia unida
Rodzina razem

ÁGÆTU FORELDRAR Í MOSFELLSBÆ

Verum börnunum góð fyrirmynd.
Gleðjumst með þeim um áramótin.
Gætum þeirra og leyfum ekki eftirlitslaus party.
Með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar



Gleðileg jól og farsælt komandi ár, með þökk fyrir ánægjuleg viðskipti á árinu og á undanförunum árum

ÞRETTÁNDINN 2006

Hin árlega þrettándabrenna Mosfellsbæjar
verður föstudaginn 6. janúar 2006

Blysför leggur af stað frá Nóatúni kl. 20:00

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur, fjöldsöngur undir stjórn Álafossskórsins.
Álfakóngur, Álfadrottning, Grýla, Leppalúði og þeirra hyski verða á svæðinu.



Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar,
Leikfélag Mosfellssveitar,
Björgunarsveitin Kyndill og
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar

Glæsileg flugeldasýning!





Nýtt rútuskýli

Á nýju stoppustöðinni í miðbænum hefur nú verið reist nýtt og glæsilegt strætúskýli. Skýlið er fallega merkt bænum okkar og er löngu tímabær arftaki þeirra gömlu og grænu. Það er vonandi að fleiri slík skýli verði sett upp til að lífga upp á umhverfið.



Jólabingó Mosskeggs

Félagsmiðstöð fatlaðra, Mosskeggur, stóð fyrir glæsilegu jólabingói þriðjudaginn 13. desember. Bingóstjóri kvöldsins, Magnús Edvardsson sá til þess að fólk fór ekki tómhent heim, en meðal vinninga voru gjafakörfur frá Nóatúni, Nóa Síríus, Pílus og sælgeti frá Góu. Félagar og starfsmenn Mosskeggs vilja koma þökkum á framfæri til allra þeirra sem styrktu bingóið. Dagskrá Mosskeggs árið 2005 lýkur síðan með jólaballi 20. desember.

Veistu svarið?

- 1 Hvað heita prestarnir tveir í Mosfellbæ?
- 2 Hvað sitja margir í bæjarstjórn Mosfellsbæjar?
- 3 Fyrir hvað stendur skammstöfunin S.I.B.S?

Svör: 1. Jón Þorsteinsson og Ragnheiður Jónsdóttir. 2. 7 menn. 3. Samband Íslenskra berka- og brjósthólsjúklinga.

Sögukornið



Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Símon E. Sigmundsson og Tjaldanesheimilið

Símon E. Sigmundsson fæddist á Brúastöðum 12. júní 1908. Foreldrar hans voru bændur en stunduðu jafnframt veitingarekstur í Valhöll á Þingvöllum. Fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur árið 1919. Símon vann ýmis störf en fór svo í Kennarskólann. Áðuren honum tókst að ljúka prófi veiktist hann alvarlega og barðist eftir það við heilsuleysi allt sitt líf. Á þriðja áratugnum fór Símon utan í fótspor Sesseljusystur sinnar og dvaldist í Þýskalandi til þess að reyna að öðlast heilsu á ný. Þar kynntust þau systkinin kenn-ingum Rudolfs Steiners og störfuðu um tíma ástofnunum hans fyrir fötluð börn og vanheil.

Eftir heimkomuna til Íslands tók Símon þátt í að byggja upp heimilið á Sólheimum í Grímsnesi með Sesselju systur sinni en árið 1939 fór hann til Bretlands og dvaldist þar í 12 ár. Hann vann á ýmsum Steinerstofnunum og skólum og síðustu árin kenndi hann í Steiner-skóla í Bristol.

Árið 1951 kom Símon heim til Íslands. Hann vann í fyrstu í Glóru í Hraungerðishreppi en lauk síðan kennaranámi sínu. Eftir það starfaði hann við kennslu á Sólheimum og Kópavogshæli um tíma en keypti árið 1955 jörðina Efra-Sel í Stokkseyrarhreppi þar sem hann rak heimili og skóla fyrir þroskahefta drengi til ársins 1964 með Ingibjörgu Árnadóttur ráðskonu sinni. Þá ákváðu þau í samráði við styrktarfélag heimilisins að flytja



Tjaldanes á nöprum vetrardegi, Hrísrú í baksýn.

það á höfuðborgarsvæðið.

Styrktarfélagið keypti árið 1963 þrjá hektara úr jörðinni Tjaldanesi í Mosfellssveit af Mosfellskirkju. Byggingaframkvæmdir hófust þar um haustið og næsta vor var reist 220 fermetra hús fyrir tíu drengi á aldrinum 9-15 ára. Heimilið, sem jafnframt var skóli, tók til starfa í júní 1965 og 28. september var formleg opnunarhátíð. Það var sjálfseignarstofnun en laut yfirstjórn heilbrigðisyrivalda. Sjálfur settist Símon að í Reykjavík og starfaði ekki á hinum nýja stað. Starfsþrekið var minna en áður og líklega var einhver ágreiningur milli hans og styrktarfélagsins um tilhögun rekstursins í Tjaldanesi. Nýtt fólk tók að sér að stjórna heimilinu og hafði það íbúð til afnota á staðnum.

Vistheimilið að Tjaldanesi stækkaði með árunum. Árið 1969 var drengjunum fjölgað í 15 og árið

1975 var sundlaug tekin í notkun. Sama ár var piltunum fjölgað í 26. Heimilið var starfrækt til ársins 2004 og undir það síðasta bjuggu þar 19 þroskaheftir menn á aldrinum 40 til 60 ára.

Um aldamótin síðustu voru hugmyndir þeirra sem best þekkja til hagsmuna þroskaheftra orðnar breyttar frá því sem var um miðja 20. öld. Ákveðið var að fækka íbúum Tjaldaness smátt og smátt og koma þeim í nútímalegra búsetuform í sambýlum fatlaðra eða þjónustuíbúðakjörnum á höfuðborgarsvæðinu. Síðasti vistmaðurinn flutti frá Tjaldanesi í maí 2004 og eftir það var jörðin seld. Rann andvirði hennar í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Eftir þessa breytingu fóru fyrrum vistmenn á Tjaldanesi að taka meiri þátt í samfélaginu en áður og sumir hafa jafnvel sótt vinnu á almennum markaði.

Friðrik G. Olgeirsson

Menningarlegt hjá Rónafélaginu

Rónafélagið gerði sér glaðan dag á Ásláki um s.l. helgi þar fengu meðlimir félagsins ásamt mökum og velunurum sér góðan mat og drykk. (Þá sjaldan að maður lyftir sér upp eins og Pétur heitinn Kristjánsson sagði ávallt þegar hann fékk sér neðan í því). Gestur Rónafélagsins þetta kvöld var Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreins-son og las hann upp úr nýútkominni bók sinni um Pétur W. Kristjánsson.



Rónafélagar snæða

Skerjafjarðarskáldið Kristján las úr bók sinni

Rónafélagar við langborð ásamt mökum sínum

Í TOPPFORMI Á NÝJU ÁRI

Magnað tilboð í janúar

Þeir sem kaupa árskort í janúarmánuði (klúbbkort eða árskort) verða dregnir út og eru verðlaunin ekki af verri endanum

Dregin verða út fjögur sumarkort hjá golfklúbbnum Kili Verðmæti sumarkortsins er 55.000 kr.

ÞAÐ ER ÞVÍ TIL MIKILS AÐ VINNA
-verðlaunin dregin út laugardaginn 4. febrúar

*Langar þig að taka lífinu létt
og fá tækifæri til að létta á þér?*

Þá áttu erindi til okkar!

Skref fyrir skref er lokað 12 vikna átaks námskeið sem byggir á virðingu og vellíðan.

Vigtun og umræðufundur á hverjum miðvikudegi.

Setjum okkur markmið. Nýttumræðuefni og viðfangsefni í hverri viku

Verðlaun á 4 vikna fresti og uppskeruhátíð í lokin.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 11. janúar og stendur til 5. apríl.

Skráning stendur yfir, takmarkaður fjöldi.

12 vikna
átaks
námskeið

TILBOÐ

Þriggja mánaða kort
10.900 kr.



Opnunartímar:

06:20 - 22:00 alla virka daga

09:00 - 18:00 um helgar

TÍMI	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	TÍMI	Laugardagur
6.20-7.20	Morgunhanar Svava Ýr		Morgunhanar Svava Ýr		Morgunhanar Svava Ýr	9.30	Alfa
8.15-9.15	Morguntími Darcy	Alfa		Morguntími Alfa	Morguntími Darcy	10.00	Karlaprek í sal Elli
15.30-16.30						10.30	Laugardagsfjör Sesselja
16.30-17.30	Pallar & styrkur Sesselja	Alfa	Sesselja	Alfa	Pallar & styrkur Sesselja		
17.30-18.30	Líkamsmótun Magnea	Halla Karen	Líkamsmótun Darcy	Pol, kviður og bak Halla Karen	Alfa		
18.30-19.30	Halla Karen	Karlaprek Elli	Stöðvar/spinning/styrkur Darcy	Halla Karen			
19.30-20.30	Alfa		Átakshópur Magnea	Sesselja			
19.00-20.00				Karlaprek Elli			

Taflan gildir frá 9. des - Í Toppformi áskilur sér rétt til breytinga á tímatöflu, án fyrirvara


Í TOPPFORMI
heilsurækt

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNIN AÐ VARMÁ

S: 566-7888

TOPPFORM@MMEDIA.IS

WWW.ITOPPFORMI.IS



Viðurkenning fyrir veggspjald

Rósa María Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur á Reykjalundi fékk viðurkenningu



fyrir veggspjald sem hún bjó til í samstarfi við Rósu Friðriksdóttur og Jóhönnu Bernharðsdóttur. Rósa fékk viðurkenninguna á alþjóða ráðstefnu sem

haldin var í Madrid nú á dögunum. Þar hélt hún fyrirlestur um hjúkrunarmedferðir sem stuðla að aukinni von og kynnti áður nefnt veggspjald. Á því var sagt frá þýðingu og forþrófun á vonleysiskvarða Becks. Veggspjaldið var svo valið það besta á ráðstefnunni.



Draumahús í Lágafellsskóla

Nemendur í 4. bekk í Lágafellsskóla tóku þátt í teiknisamkeppni á vegum Íbúðalánasjóðs fyrir stuttu. Keppnin fólst í því að teikna og hanna draumahús sem lagt var svo fyrir dómnefnd. Dómnefndin valdi eitt hús frá hverjum skóla og veitti sigurvegurum verðlaun. Draumahús Alexandru Vilbergsdóttur úr 4. R.R. varð fyrir valinu í Lágafellsskóla. Alexandra fékk í verðlaun myndlistartösku sem Sigríður Johnsen skólastjóri, afhenti henni.

Jólin, hátíð barn

Hún var þörf og dýrmæt þessi áminning sem þjóðin fékk á haustdögum og nefnist „Verndum bernskuna.“ Bæklingurinn góði sem borinn var inn á hvert heimili í landinu undirstrikar að „börnin eru dýrmætasti fjársjóður“ sem okkur hinum fullorðnu er trúað fyrir og fát er mikilvæga en að uppeldi þeirra og veganestið sem þau fá í foreldrahúsum sé gert af bestu gildum lífsins. Safnaðarstarfið hér í Lágafellssókn á þessu hausti hefur tekið mið af þessari áminningu og safnaðarbréfið okkar á jólafestunni er fyrst og fremst kynning á barna- og unglingastarfi sóknarninnar.

Jólin eru gjarnan nefnd hátíð barnanna. Á jólum fögnum við fæðingu barns og slíkur viðburður er eitthvað sem allir skilja og þekkja. Viðburður sem kallar fram einlægustu og tærustu tilfinningar sem búa í sál okkar. Það höfum við reynt sem slíks höfum notið. Og þó fæðingu barsins hennar Maríu bæri upp við svo erfiðar aðstæður á hinum fyrstu jólum, þá var sá viðburður jafn stór í lífi hennar sem annarra á öllum tímum. Gleðin söm yfir heilu lífi, - móðurástin og föðurelskan jafn heit og einlæg og við sjálf þekkjum sem slíks höfum notið. Og þetta umkomulausa fólk, María og Jósep, sjáum við ekki í þeim það besta sem prýða má góða foreldra? María, móðirin góða og trúa sem laut því hlutskipti í lotningu og þökk og barnið sitt bar hún á bænarrörmum og bænir hennar urðu bænir þess.

Og Jósep, - í honum sjáum við þennan trygga og kærleiksríka heimilsföður sem umvefur fjölskyldu sína kærleik og hlýju, - og saman leiddu þau drenginn sinn til þess hlutverks sem Guð hafði ætlað honum í mannsins heimi. Hún er heil þessi mynd fjölskyldunnar helgu og hún er okkur fögur og gefandi fyrirmynd.



Séra Jón Þorsteinsson hefur þjónað Mosfellingum síðan árið 1990

Aðventan með undirbúningi blessaðra jóla gefur okkur fjölmörg tilefni til samfunda fjölskyldunnar þar sem foreldrar og börn koma saman í einum kærleikshug til að gleðjast og fagna. Á sinn fagra og hljóða hátt beinir aðventutíminn sjónum til jólabarnsins eina og sanna og biður þess að framganga okkar mótist af þeim sannleik sem sonur Guðs flytur í heim manna.

Og í orðum sínum minnir jólafastan á að sælla er að gefa en þyggja.

Hún segir okkur að fórnargjöf til þess hungraða og snauða er ekki aðeins sjálfsögð skylda, heldur nauðsynleg og eðlileg í allri framgöngu hins kristna manns. Hún minnir á að undirbúningurinn sem fram á að fara þessi dægrin er ekki fölginn í stórkarlaglegum umbúnaði

hinna efnislegu gæða, - sem er svo fyrirferðamikill í nútímanum, - heldur fyrst og fremst og framar öllu í fyrirgefningu, friði, sátt og gleði allra manna.

Hún minnir á að stuðningur og hjálp við hinn sjúka og sorgmædda er í raun þjónusta við hann sem gefur líf og krafta.

Mynd fjölskyldunnar smáu í fjárhúshellinum í Betlehem forðum er umvafin kærleika og hlýju og frá henni stafar sú himneska birta sem verið hefur þjóðum heims leiðarljós á lífsins vegi. Ég bið þess að sú birta ljómi um hvert heimili á helgri hátíð og minni á þau verðmæti sem haldbest reynast til hamingju og farsældar.

Gleðileg jól.
Jón Þorsteinsson



Guðjón S. Valgeirsson
Tannlæknir Urðarholti 4
Sími: 566-992



Blóm
gleðja
Hlín
Blómahús

Háholt 18
566 8700

Óskum bæjarbúum

- Smásagan -

Dómnefnd mun gera úrslit kunn í 1. tbl. á nýju ári
Dómnefndina skipa:



Helgi Einarsson
Tónlistarmaður
og tónlistar-
kennari



Guðmundur Pétursson
Formaður
menningar-
málanefndar



Guðný Halldórsdóttir
Kvikmynd-
gerðarkona



Höskuldur Þráinsson
Professor



Ragnheiður Ríkhartsdóttir
Bæjarstjóri

Veturinn er kominn

rafgeymar
hjólbarðar kerti
viftureimar

Smur- og hjólbarðapjónusta
fyrir öll farartæki

Örugg og lipur þjónusta

Gott úrval vetrardekkja

dekk@dekk.is
www.dekk.is

BÆJARDEKK
Langitangi 1a • sími 566 8188

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er mosfellingur@simnet.is

Draugabærinn Mosó

Nú er ég búinn að fá nóg af því að bæjarbúar sitji bara heima hjá sér eða fara eitthvað annað til þess að stunda félagslíf! Menn hafa verið duglegir við að matreiða ofan í, að maður hélt hungraða, Mosfellinga menn-ingu en svo mætir bara enginn. Fyrst varð það í túninu heima þar sem mikið var um að vera og bongó-blíða. Tilvalinn dagur til þess að leyfa börnum að njóta sín. En hvaða hvaða?? Bara örfáar hræður og þær voru allar að vinna þarna! Bæjarleikhúsið, Boltaballið, og nú síðast heimsviðburður á Drauma-kaffi með Guitar Íslancio. Sama sagan, enginn mætir!! Þetta er ekki hægt! Burtu með draugana og sýn-um að bærinn sé með lífsmarki.

Jóhann



Dýrt bensín

Erna hringdi í Mosfelling og vildi koma því á framfæri að bensínið hjá Olís væri dýrara hér í bæ heldur en í Reykjavík. Þetta telur hún illa meðferð á bæjarbúum og vill að bensínið sé á sömu kjörum hvert sem komið er.

Erna

gleðilegra jóla



Alkúla innrömmun
s.s. handverk, geygjar,
malverk o.fl.
Elt-saumur
handklárar
OPIÐ:
vika dagur
11:00-18:00
og eftir
samfaraþingi

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

SÍMI 566 6216



ENDURSKOÐUN - LÖSASTILLINGAR -
HÖFREDINGJER
Vinsælt vinnu - Eignuðu áherslu á
þjónu og góða þjónustu

BÍLAVERKSTÆÐI
Sigurbjörns Árnasonar
FLUGUMYRI 2



Háholti 14
Sími 586-8040



TEXTURE
hárstofa

Tannlæknastofa
Elmars Geirssonar
Þverholti 7
Sími 566-6104



Börnin láta gott af sér leiða

Í Lágafellsskóla var nýverið haldið bekkjarkvöld 4. ÁS. Nemendur höfðu ákveðið að hjálpa þeim sem minna mega sín. Þeir komu með leikföng og bækur að heiman sem þeir pökkuðu inn í jólagjafapappír. Þessa pakka, sem voru á fjórða tug, fóru börnin svo með í Kringluna og settu undir jólatréð þar. Mæðrastyrsnefnd mun svo koma þessum gjöfum áfram til þeirra sem ekki hafa efni á gjöfum þessi jóln. Á bekkjarkvöldinu voru einnig piparkökur skreyttar, spilað á hljóðfæri og sýndur dans.

Börnin stilltu sér glæsilega upp fyrir ljósmyndara Mosfellings

Jólasveinninn í heimsókn

Jólasveinninn birtist allt í einu upp á þaki og vildi komast inn



Eftir vonlausa leit að strompi, ákvað hann að koma bara inn um gluggann



Jólasveinninn var afar fjögurur og hékk í loftinu



Greyið festist í glugganum en börnin voru dugleg við að hjálpa honum



Börnin settust niður og hlustuðu á jólasveinninn dölfallinn



Það var ýmislegt sem leyndist í pokahorninu hjá sveinka

Jólasveinninn kom í heimsókn á leikskólann Reykjakot á föstudaginn var. Hann átti dálítið erfitt með að rata inn en á endanum komst sveinki þó inn um glugga á leikskólanum. Þar biðu börnin spennit og vel var tekið á móti honum. Saman sungu svo allir jólalög og dönsuðu í kringum jólatréið. Jólasveinninn var með pokann sinn með sér og færði öllum börnunum glaðning. Hann vildi minna börnin á að tveir bræður hans eiga eftir að koma til byggða og því verða þau að vera stillt og góð ef þau vilja fá eitthvað annað en kartöflu í skóinn.

Láttu drauminn rætast



Gleðileg jól

Glæsilegar íbúðir á fallegum stað

Myndin er af Prastarhöfða 4-6

Stórglæsilegt fjölbýlishús

Prastarhöfði 1-3 er stórglæsilegt fjölbýlishús, hannað af Arcus arkitektum með þarfir fjölskyldufólks í huga. Húsið verður einangrað að utan og klætt flisum og harðviði. Gluggar verða álklaðdir viðargluggar. Öll hönnun miðar að því að halda viðhaldi í lágmarki.

Sérinnangangur er í hverja íbúð.

Íbúðirnar

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskilyldum baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem verða flisalögð. Sjónvarpsloftnets- og símatenglar verða í stofu og svefnherbergjum. Staði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum. Bílageymslan er í kjallara hússins og er útbúin sjálfvirkum hurðaopnara.



Lóðin

Lóðin verður fullfrágengin samkvæmt teikningu lóðahönnuðar. Bílastæði verða malbikuð og stigar og verandir hellulagðar með snjóbræðslu að hluta. Við húsið verður sérhannaður leikvöllur fyrir yngstu íbúana.

Staðsetning

Höfðahverfi í Mosfellsbæ er fallett hverfi á frábærum stað. Stutt er í alla þjónustu, höfuðborgin og miðbær Mosfellsbæjar í þægilegri fjarlægð.

Í Prastarhöfða nýtur þú fríðsældar sveitarinnar með bæjar- eða borgartíð í seilingarfjarlægð. Skóli og leikskóli er í aðeins hundrað metra fjarlægð frá húsinu.

Innréttingar

Kaupendur geta valið um þrjár viðartegundir í hurðum og innréttingum. Heimilistæki eru frá AEG eða sambærileg með burstaðri stáláferð. Innréttingar eru sérlega vandaðar, en óski kaupandi eftir að hanna íbúðina að eigin smekk tókum við vel í slíkar óskir. Þær þurfa þó að koma fram í tíma.

Söludeild okkar er að Höfðabakka 9, sími 530 4200. Einnig eru ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar www.iav.is.

Golf í desember

Það hefur þótt undarlegt fyrir á tíðum að sjá menn spila golf yfir háveturinn. Nú er svo komið að þessir höfðu íslensku vetur virðast horfnir, golfspilurum til mikillar gleði. Haldið var vetrarmót á Hlíðarvelli þann 10. des. á vegum golfklúbbsins Kjalar. Það var ágætis-veður og vallaraðstæður þóttu góðar miðað við árstíma. Mótið tókst afar vel, þó hefði þátttaka mátt vera betri. Hilmar Harðarson sigraði mótið í högggleik en í punktakeppni var það Kristinn G. Ólafsson sem sigraði.



Flokkurinn og stokkurinn

Knattspyrnudeild Aftureldingar hefur látið útbúa fyrir sig spilastokka og á þeim eru myndir af ungum félagsmönnum hjá karla og kvennadeildinni. Spilastokkarnir eru afar skemmtilegir og tilvaldir í jóla-pakkann þetta árið. Frábær fjáröflunarleið hjá deildinni og greinilegt að það er hægt að spila meira en fótbolta. Fyrir þá sem eiga ennþá eftir að ná sér í stökk þá verða krakkarnir með sölubás í Kjarnanum á Þorláksmessu frá kl. 16-20.

Foreldrar athugið

Stúfur, bjúgnakrækir og félagar hafa fengið bæstistöðvar í vallarhúsinu að Varmá 22. des kl 20-22, þannig má koma viðeigandi böggli til þeirra, vegna hækkanði olíuverðs er kostnaður kr 1.000 á heimili. allir foreldrar velkomnir með vel merktu pakka. Vinna hefst svo 24. des kl 10:00-13:00



Fimleikakrakkar sýna listir



Handahlaup hjá stelpunum

Árleg fimleikasýning Fimleika-deildar Aftureldingar var haldin á sunnudaginn í íþróttahúsinu að Varmá. Sýningin var glæsileg í alla staði og jólasveinninn kom á staðinn. Margt var um manninn og heppnaðist sýningin afar vel.


Leyfum myndunum að tala.



Stökkinn voru stórkostleg hjá deildinni



Miklar annir eru hjá jólasveinum þessa dagana og ekkert sem stoppar þá



Fimleikabörnin voru liðug og með hreyfingarnar á tæru



Þrátt fyrir að var fótbrotinn, reyndi jólasveinninn að fara í heljar stökk



Höfuð, herðar, hné og tær sungu allir með Sveinka



JÓLAVÖRURNAR FRÁ GEORGE JENSEN

Gleðileg jól og takk fyrir viðskiptin á árinu



Úr, skartgripir og gjafavara
Kjarna Mosfellsbæ
Kjarna Mosó: 544 4991
Laugarvegi 33: 544 4990

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá JAKO

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566 7310 og 896 0131

Fax: 566 7241
namo@namo.is





Starfsmenn KB banka í Mosfellsbæ óska viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



**Mosfellsbær sendir
öllum bæjarbúum
bestu jóla og
nýársóskir.**

PIZZA 67

SÓTT TILBOÐ
16" HAWAI PIZZA, SKINKA OG ANANAS
ADEINS 1199,-
12" HAWAI PIZZA, SKINKA OG ANANAS
ADEINS 999,-

PIZZA - PIZZA TILBOÐ
SÆKIR PIZZU OG BRAUSTANGIR EÐA HVÍTLAUKSBRÁÐ
OG FÆRD ADRA PIZZU SÖMU STÆRDAR FRÍTT MED.

HEIMSENDINGARTILBOÐ
16" M/ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM
STÓR BRAUSTANGIR OG 1 L. AF KÓK
2.199,-
12" M/ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM
LÍTILL BRAUSTANGIR OG 1 L. AF KÓK
1.899,-

**KOMIN MED
ENSKA
BOLTANN!**

Coca-Cola

sími: 566-6667, HÁHOLT 14, 270 MOSFELLSBÆ
Sunnudaga - fimfundaga 11:00-23:30 Föstudaga og laugardaga 11:00-23:30

Opið
allan sólarhringinn

LÖÐUR

Við erum við Esso stöðina
Háholti í Mosfellsbæ,
Reykjavíkurvegi Haf,
og í Bæjarlind Kóp.

- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! Sími 544 4540



Varmárrskóli yfir meðaltali

Niðurstöður úr samræmdum prófum hjá 4. og 7. bekk sýndu það að Varmárrskóli er yfir meðaltali á landsvisi. Prófin voru haldin dagana 20. og 21. október en niðurstöður voru kynntar nú nýlega. Til dæmis má nefna að meðaleinkunn 4. bekkjar var 7,2 í íslensku en meðaltalið á landinu var 6,8. Stjórnendur skólans eru að vonum hæstánægðir með árangurinn hjá nemendum og kennurum.



Lalli býður til afmælisveislu

Lárus H. Jónsson leikari, Ljóshraði og velunnari Aftureldingar býður vinum og vandamönnum í 50 ára afmæli sitt þann 30. des. næstkomandi. Veislan verður haldin í Bæjarleikhúsinu og hefst kl. 20.00. Snyrtilegur klæðnaður og bros eru skilyrði.

Áslákur
óskar öllum
gleðilegrar
hátíðar



Reisugil á Ásláki

Það ætti vart að fara fram hjá nokkrum Mosfellingi hversu vel hótél byggingin við Áslák gengur. Húsin eru óðum að taka á sig mynd og er óhætt að fullyrða að þarna séu að rísa hús sem munu verða sannkölluð bæjarprýði. Um síðustu helgi var haldið reisugil og fjöldi fólks boðið að koma og sjá herlegheitin og þiggja veitingar. Eigandi Ásláks bauð gestum og að lokinni smá hressingu á Ásláki fór

hann með mannskapinn út, sýndi hinar nýju byggingar og útskýrði allt um þær. Að sögn Alla hafa famkvæmdir á ýmsan hátt gengið jafnvel betur en hann þorði að vona. „Ég hef verið mjög heppinn með starfsfólk og eins hefur tíðin verið góð, ætli þetta spili ekki allt sína rullu svo hef ég líka alltaf verið bjartsýnismaður“ sagði Alli greinilega ánægður með gang mála.



Ásbjörn Þorvarðarson byggingafulltrúi spáir í spilin með fedgunum Guðjóni Haraldssyni, Haraldi Guðjónssyni og Leifi Guðjónssyni.




Alli fyrir miðri mynd með Ragnheiði Ríkhardsdóttur bæjarstjóra og Jónasi Sigurðssyni bæjarfulltrúa.

Auglýsingastjóri Mosfellings er Margrét Lára Höskuldsdóttir

auglysingar@mosfellingur.is

Næsta blað kemur út 12. janúar

Sími: 8698527



Í eldhúsinu hjá Þóru

Kjúklingasalat

Mosfellingur kíkta í eldhúsið hjá Þóru Kristínu Kristjánsdóttur. Þóra var á fullu í jólaundirbúningi en gaf sér þó tíma fyrir Mosfelling. Þóra vildi deila með lesendum blaðsins uppskrift að hollu og góðu kjúklingasalati til að veiga upp á móti öllum kræsingunum sem fylgja jólinum.

4 ofnsteiktar kjúklingabringur
1 poki gott salat
1/2 agúrka skorin í bita
3 tómatar skornir í báta
1 askja jarðaber
1 búnt af vínberjum
1 askja furuhnetur (létt ristaðar á pönnu)

Það er sett smá olía, svartur pipar og pínu salt á bringurnar, þær eru svo hitaðar inni í ofni við 180° í ca 25-35 mín. Þær eru því næst kældar og skornar niður. Öllu er svo blandað saman í eina skál og það er tilvalið að hafa með þessu Catay sósu frá Thai Choice (hún er geggjuð) og hrísgrjón. Til að bæta sósuna aðeins er gott að hita hana og setja í hana örlítið af mjólk.



Þóra Kristín færir okkur dýrindis uppskrift af uppáhalds salatinu sínu.

Gleðileg jól



ÞJÓNUSTA Í MOSFELLSBÆ



Aristó hárstofa
Háholti 14.
Sími: 566 - 8989.

Hársnyrtistofan Belló
Háholti 14.
Sími: 586 - 8989.

Bylgja Matthíasdóttir Lcph
Hómópati bylgjam@bakkar.is
www.lifslind.is S:586-8883

Innrömmun ESS
Þverholti 5.
Opíð 12 - 18 virka daga
Sími: 566 - 7625

Saumastofa Jónu - Háholti 14.
Gluggatjaldaviðgerðir
og breytingar. Sími: 565 - 9222.

Herbalife Mosfellsbæ
Shapeworks - NouriFusion
Berglind & Kjartan. Sími: 551-2099

Bílapartar ehf.
Grænumýri 3 - Sími 587-7659
bilapartar@bilapartar.is
www.bilapartar.is

Bæjardekk
Langatanga 1a.
Sími: 566 - 8188.



SMÁAUGLÝSINGAR

Tveggja herbergja íbúð í Klapparhlíð til leigu, laus 1. janúar
75.000 kr. á mán. hiti og hússjóður innifalinn.
Upplýsingar í síma 586-1353 og 849-0279 Inga.

Sorphreinsun

verður með eftirfarandi hætti um jól og áramót

22. - 23. desember 2005
2. og 3. janúar 2006

Komið verður fyrir gámum. Einum við Langa-
tanga og öðrum við Reykjaveg á móts við
Jónsteig, þar sem hægt verður að losa húsa-
sorp dagana 29. og 30. des. Jafnframt er bent á
endurvinnslustöð Sorpu við hesthúshverfið.

Að gefnu tilefni eru húsráðendur hvattir til að
merkja hús sín með húsnúmerum og moka frá
sorpunnum ef þannig viðrar um jólin.

Tækni- og umhverfissvið óskar
bæjarbúum gleðilegra jóla.



Tækni- og umhverfissvið

Árleg skata á Ásláki

Þorláksmessu skötuhaðborðið verður haldið frá kl.12.00-15.00
Mikið og gott úrval verður á boðstólunum: Kæst skata, söltuð
skata, Tindabikkja, Saltfiskur og fleiri kræsingar.

Verð aðeins 1.990,-kr.

Borðapantanir í síma 566-6657 og 566-8822

ÁRAMÓTAFAGNAÐUR

Hljómsveitin 66 mun halda uppi fjörinu og fagna komu nýs árs.




Gamlárskvöld

Miðaverð kr. 1000
Húsið opnar kl. 01.00



Sveittir sokkar minna á eitt,
kæsta skatan á annað,
landslaginu fáum við ekki breytt,
það hefur Allir kannað.
Allir velkomnir engum hafnað,
bjórninn á tilboðsverði,
úr táfýlunni geta allir kafnað,
þó allt mitt besta ég gerði.





Mín skoðun

Mig langar að fjalla um hvernig Smáis, Heimili og Skóli, Microsoft og PEGI eru að reyna að vekja meiri áhuga foreldra okkar á því hvaða leiki við erum að spila. Ég hef ekkert á móti því að þeir séu að vekja áhuga, bara hvernig það er gert.

Vegna þess að þessi litla auglýsingaherferð þeirra á örugglega eftir að fá fullt af ofverndandi foreldrum til að sjá þetta sem tækifæri til að koma SÍNUM skoðunum á framfæri. Ég tel ekki að það sé hægt að kenna tölvuleikjum um, vegna þess að ef að barn er móttækilegt fyrir svona ofbeldi, þá er ekki hægt að forða því frá hettum sem felast í ofbeldi raunveruleikans. Ég sé oft að foreldrar eru að kenna einhverjum um föll barna sinna, eins og Marilyn Manson, hip-hop



tónlist og gangsta-
rap, listinn heldur áfram. Foreldrar segja að þetta séu vondar fyrirmyndir fyrir börn, en foreldrarnir eiga sjálfir að vera fyrirmyndir barna sinna. Foreldrar sem eru svona eiga bara að fullorðnast og taka ábyrgð á uppeldi barna sinna og þróa með sér þann kjark sem þarf til þess að vera virk fyrirmynd. Úff, ég vona að ég komist upp með að segja þetta. Því miður er ég búinn að horfa upp á þetta án þess að getað tjáð mig og sagt það sem þarf að segja. Ég vil endilega að foreldrar muni ekki vera að


horfa á líffræðilegan aldur barna þegar þið veljið leik fyrir þau, horfið á andlegan þroska barna ykkar í staðinn. Spyrijið ykkur „Er barnið mitt nógu þroskað til að verða ekki fyrir vondum áhrifum af þessum leik?“ og „Er ég nógu sterk fyrirmynd til að yfirbuga áhrif annarra?“



Óli Siemsen

BLAÐAMANNAKLÚBBUR BÓLSINS
Umsjónarmaður: Gísli Már Guðjónsson

Slææ...



Ofmat áramótanna

Eitt verðum við að ræða kærlesendur... Það er ofmat áramótanna. Það vill nefnilega svo oft gerast að á gamlárskvöld myndast svo hrikalegt ofmat á skemmtanagildi kvöldsins að það hálfa væri nóg. Sérlega þá hjá ungu fólki. En hver hefur ekki lent í því að verða fyrir því líkum vonbrigðum með gamlársköldið góða. Eitt er gefið! Nánast allir eru að fara út að skemmta sér. En er það áskrift á skemmtun? Nei langt því frá. Gefum okkur hvað er í boði. Yfirleitt er það Hótel Ísland ballið. Allt í lagi það er fínt ball og allt en það er bara svo troðið að þú gætir alveg eins haldið party með átta vinum þínum í fataskápnum inn í herbergi hjá þér. Nema hvað að þar myndu ekki týna þeim eftir 5 mín. og finna þá aftur daginn eftir. Annar kostur er að fara í bæinn. Það myndi ég kalla jafnvel enn meiri mistök. Sérstaklega ef þú býrð í Mosó. Leigubíllinn eru mánaðarlaun, ef þú einhvertíman færð hann. Sem er svipað líklegt og að Jose Mourinho hætti einhvertíman að vera gerpi. Svo þegar þú loksins kemst í bæinn þá er það alveg eins og öll önnur kvöld nema hvað? Jú, það er helmingi meira af fólki og kílómetra raðir og troðningur. En hvað er þá til ráðs? Eitt er á hreinu! Gamlárskvöld er "the official party night of Iceland" það er alveg klárt. Þess vegna er þetta hið fullkomna kvöld til að halda party. Þetta er lögegasta party kvöld ársins. Ég meina, ekki er nágranninn að fara kvarta yfir áramóta teiti ég meina hversu lélegt er það. Og það eru allir hvort sem er svo tipsy(léttir). Þú ert hvort sem er ekki að fara fá taxa. Og hvað er svo betra en að vera í góðra vina hópi með drykk að eigin vali og skemmta sér og hlæja! Nei ég bara spyr? Hvort sem það eru bara nokkrir félagar eða heljarinnar old school Mosó teiti. Það skiptir ekki öllu. En eitt get ég sagt ykkur að það gerir þetta enginn að besta kvöldi ársins fyrir ykkur. Gleðileg jól Mosfellingar og farsælt nýtt ár. Hjarta mitt slær í takt við Mosfellsbæ á komandi ári og um ókomin ár...




Ásgeir „Slææ“ Jónsson

skrífur um ármótin og
allt sem þeim tilheyrir
asgeir@mosfellingur.is

Viðgerðir og framleiðsla reiðtygja



þ.m.t. hnakkdýnur,
hnakktöskur,
járningsasvuntur
og skálmar,



Þverholti 2 - Sími: 566 7450



Lesið af vörum

Handboltamennirnir okkar láta finna fyrir sér



AKURShús

- við allra hæfi -

Trésmiðjan Akur ehf.
Smiðjuvöllum 9
300 Akranes
Sími 430-6600
akur@akur.is
www.akur.is

Táningafræðarinn!!!



SVEINKI ER ORÐINN
PREYTTUR Á FÓLKI
SEM KANN EKKI
AÐ HAGA SÉR...

Jólunum reddað í Mosó

Jæja þá er maður að ranka við sér eftir 8. daga skráll sem fylgdi þessum blessuðu jólaprófum. Þau fóru ekki alveg eins og ég var búinn að plana en það er önnur saga. Ég ákvað sem sagt að detta í nett fjör eftir prófin en það endaði ekki betur en svo að ég lenti á 8 daga tjútti, eyddi öllum mínum peningum í áfengi og vændiskonur og er sem sagt að skríða saman núna.

En nú fer hver að verða síðastur að kaupa í jólagjafir og þar sem ekki gafst tími til þess að versla jólagjafir á tjúttinu fór ég að velta því fyrir mér hvort ég gæti ekki reddað þessum jólagjöfum bara hérna í Mosó, reyna helst bara að sleppa því að fara á staði eins og Kringluna og Smáralind sem eru eins og Auschwitz á þessum tíma, það er allveg stappað af liði. Ég tróð mér í gamla maxgallann þreif með mér svartan ruslapoka og hélt af stað út í frostið og snjóinn/rokið og rigninguna með nesti og nýja skó. Fyrst lá leiðin niður í Ála-foskvos, á leiðinni þangað sá ég allveg mökk af kaninum, ég meina halló hver vill ekki kanínu í jólagjöf. Það er kanína í topp 3. á jólagjafalistanum hjá flestum krökkum í dag, þetta er bara staðreynd. En al-lavega, ég hélt áfram og kom niður í kvosina og datt þar inná ullar-

pleisið, ekki amalegt að fá eina hnausþykka, íslenska ullarpeysu í jólagjöf, og jafnvel húfu og vettlinga í stíl. Svo að ég splæsti í nokkur pör af vettlingum og arkaði aftur af stað. Næst lá leiðin að miðju mosfellsbæjar, Snæland og þar. Ég var nú ekkert að stoppa lengi í Snælandi en fór í staðinn upp í Kjarna. Hvað varð um allar búðirnar sem voru þar, Adam og Evu, og Basic til dæmis? Í Kjarnanum er nú samt skemmtileg búð sem heitir Namó, þar sem hægt er að kaupa allskonar JAKO ípróttadót, skó, buxur, utanyfirgalla og margt margt fleira. Ég ákvað, fyrst ég var kominn á svona gott skrið að taka einn hring í Mosfellsdalnum bara rétt í leiðinni og haldið að kallinn hafi ekki bara fundið fullt af dóti þar. Fyrst gekk ég upp að Hvirfli þar sem Þóra er með vinnustofu, þar græjar hún flotta leirmuni, vasa, kerta-stjaka og annað í þeim dúr. Þegar ég var búinn að byrgja mig upp af skálum og kertastjökum rölti ég upp að



Gljúfrasteini Húsi skáldsins og keypti þar boðsmíða fyrir alla vini mína á safnið. Ég væri nú ekki ósáttur með að fá einn svolleiðis jólagjöf, ha! Loka stoppið var samt á aðal staðnum, Dalsgarði, þar sem fallegustu blóm landsins eru ræktað og fyllti þar í pokann með fallegum rósum. Þá var ég orðinn nokkuð vel settur, þurfti samt ekki að stíga fæti út fyrir bæjarmörkin og ennþá voru fullt af stöðum sem hægt var að finna eitt-hvað á. Þar má nefna ljósastofuna, svo er alltaf sigilt að gefa líkamsræktar-kort í jólagjöf. En munið samt alltaf að það er ekki hluturinn sem skiptir máli það er hugsunin á bakvið hann.

En vona að þið étið og drekkið ykkur öll afvelta yfir hátíðarnar.

Hó Hó. Gó Mosó!!!!

Þrándur, búin að redda jólunum enn einusinni;-)

Þrándur




Óli Dngvar og Ágúst



TVÍFARAR • RASAFARAR

MOSEFELLINGUR mælir með...

...heimasiðu Lágafellssóknar: www.lagafellskirkja.is þar má finna ítarlegar upplýsingar um helgihald á jólafestu síðunni má einnig sjá allt um kirkjustarfið allan ársins hring.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.

- Starfsfólk
Pizzabæjar

Opnunartímar yfir hátíðarnar

23. des.	Þorláksmessa	11:30-01:00
24. des.	Aðfangadagur	Lokað
25. des.	Jóladagur	Lokað
26. des.	Annar jólum	Lokað
31. des.	Gamlársdagur	Lokað
1. jan.	Nýársdagur	Lokað



Spurning til bæjarbúa

Veist þú af hverju við höldum jólin hátíðleg?

Elin Ósk



Já, Jesús fæddist á jölunum

Grétar



Já, þá fáum við gjafir

Jakob



Já, hann Jesú fæddist og hann á afmæli á jölunum

Jóna Margrét



Nei, ég veit það ekki

Logi



Nei

Signý María



Jésús fæddist á jölunum

HVERJUR VILJI HVAÐ?



Frændurnir Bjarni og Jóhann



Kyntröll Mosfellsbæjar



Mattí Jóhans alltaf glæsileg



Gaman saman



Maggi alltaf flottur



Kósi stemmari



Krissi, Einsí og Guffi góðir gæjar



Rauði og blái




Til í tuskið



Pot'í bak! HÍ HÍ!!



ææ en sæt....



Kantur trésins



Loks stundi Mundi!!!



Grænfriðungarnir



Eru til heitari menn??



Sætar stelpur í Lákanum



Keifarinn kíkti í Laxnes



Komm on engar myndir takk



Hvar er bindið?



Staðir og brú



Flott hálsmen..hehe



Arnar í stuði



Tóttinn og Guðmundur



Litla sæta ljúfa góða




Rapp, skólarapp



Vertinn og bæjarstjórnin



Jólaögin alveg á fullu!



Jólæplin í ár



HJÓNIN UNA SÉR VEL

Á KROSSHÓLI

VIÐ ENGJAVEG



Endilega sendið okkur myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Gleðileg jól

ILLUSKA AUGUSTINSSON/ANNA IS/LU 25/22 10/2004



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



**Bestu pizzurnar
í bænum**

ÞVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GLERTÆKNI ehf.



Völuteigur 3
Sími: 566 8888



Jólahlaðborð hægri vinstri

Það var sannarlega létt yfir öllum gestum á árlegu jólahlaðborði bæjarstjórnar í Hlégarði á dögunum. Á þessum degi hittist bæjarstjórn og sviðsstjórnar bæjarinnar ásamt mökum og gerðu sér glaðan dag.

Ljósmynd: K. Tomm



Sími:
588 55 30

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Opið virka daga frá kl. 9-18



Sigrún Stella Einarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
GSM: 824 0610



Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali
GSM: 897 0047



Lágholt

Nýtt í sölu. Afar glæsileg og mikið endurnýjuð 224 fm einbýlishús með 30 fm bílskúr á eftirsóttum stað í Mosfellsbæ. Eignin er með góðum innréttingum og gólfefnum. Rúmgott eldhús með nýrri og fallegri innréttingu. 4. góð parketlögð svefnherbergi. Gullfalleg arinn stofa. Sér sjónvarpsstofa. Garður í góðri rækt með garðskála og heitum potti. Þetta er eign fyrir vandláta. **V. 41,5 m.**



Leirutangi

Nýkomin í sölu falleg 92,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi við Leirutanga í Mosfellsbæ. Flisar á stofu. Útgegn í sér garð úr stofu. Hellulögð verönd. Fallegt eldhús með góðri eldhúsinnréttingu. Flisar á baði. Sér þvottahús. Tvö svefnherbergi. Mjög barnavænt umhverfi. **V. 18,2 m.**



Efstu-Reykir

Nýkomið í einkasölu mjög fallegt og vel byggt tveggja hæða einbýli í útjaðri byggðar í Mosfellsbæ. Stórt land sem er vel gróið, skógur og afar fallegt umhverfi. Heitur pottur og sólpallur. Frábært útsýni. Örstutt í fallegar gönguleiðir. **Sjón er sögu ríkari.**



Víðiteigur - raðhús

Vorum að fá í sölu mjög skemmtilegt 99 fm.raðhús við Víðiteig. Góð gólfefni. Beykiparket. Flisar á baði. Opin og björt stofa með útgengi í stóran og vel gróin garð sem snýr í suður.Gróðurhús í garði. Tvö góð svefnherbergi.Stigi á efra loft. Á efra lofti er ca. 20 fm. herbergi með flisumá gólfi. Getur nýst sem svefnherbergi, tómstundarymi eða sjónvarpsherbergi. Eignin stendur við gróna götu. Næg bílastæði.

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is